



Börn og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.

**Samráð við börn um skýrslu Íslands um framkvæmd Barnasáttmála
Sameinuðu þjóðanna.**

Október 2018

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Fundurinn.....	4
Spurningar til barna um Barnasáttmálann	5
Almennt um Barnasáttmálann - hvernig er staða hans á Íslandi?	5
Rétturinn til verndar.....	8
Rétturinn til umönnunar	10
Rétturinn til þátttöku	13
Orðaský	16
Lokaorð	19
Viðauki I - Fundarboð.....	20
Viðauki II - Dagskrá og fyrirkomulag fundarins.....	21
Viðauki III – Spurningalisti til barna og ungmenna	22
Viðauki IV – Listi yfir þá sem aðila sem sendu fulltrúa á fundinn	23
Viðauki V - Eftirfylgni í kjölfar fundar	24

Inngangur

Í apríl 2018 var skipaður vinnuhópur með fulltrúum nokkurra ráðuneyta til þess að skrifa skýrslu um framkvæmd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Vinnuhópurinn taldi mikilvægt að eiga víðtækt samráð við gerð skýrslunnar og þá sérstaklega við börn. Var því ákveðið að halda fund með börnum í þeim tilgangi að ná fram þeirra röddum um það hvernig réttindi þeirra eru tryggð á Íslandi.

Til þess að ná til sem flestra barna út um allt land var einnig sendur út spurningalisti til allra sveitarfélaga á landinu og óskað eftir því að fulltrúar ungmennaráða eða önnur börn innan sveitarfélagsins myndu svara honum á rafrænan hátt.

Alls svöruðu 74 börn og ungmenni spurningalistanum og 19 börn mættu á samráðsfundinn. Í heildina fengu því hátt í 100 börn og ungmenni tækifæri til þess að koma skoðunum sínum og upplifunum á íslensku samfélagi á framfæri. Þessari skýrslu er ætlað að koma röddum þessara barna á framfæri, auk þess sem samráðinu er lýst.



Fundurinn

Vinnuhópurinn hafði samband við Nílsínu Larsen Einardóttur, tómstunda- og félagsmálafræðing, og fékk hana til þess að aðstoða hópinn við að tryggja aðkomu barna við gerð skýrslunnar um framkvæmd Barnasáttmálans. Haldnir voru tveir undirbúningsfundir þar sem fulltrúar vinnuhópsins lýstu samráðinu og tilgangi þess og hvaða upplýsingum leitað var eftir frá börnunum. Ákveðið var að halda samráðsfund með börnum en að auki var sendur spurningalisti til ungmennaráða og annarra barna í öllum sveitarfélögum landsins.¹

Fundarboð var samið og settur var saman listi með samtökum og skólum sem talið var æskilegt að óska eftir fulltrúum frá. Listinn endurspeglaði ákveðinn fjölbreytileika en sérstaklega var leitast eftir því að fá fulltrúa barna og ungmenna úr viðkvæmum eða jaðarsettum hópum.² Fundarboðið var sent út og fengust fulltrúar frá flestum þeim aðilum sem leitað var til. Þátttakendur fundarins, auk vinnuhópsins, voru 19 börn á aldrinum 10 – 18 ára.³

Fenginn var fundarsalur í húsakynnum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og þar var stólum stillt upp fyrir kynningu frá vinnuhópnum. Í þeirri kynningu var farið yfir fyrirkomulag við gerð skýrslunnar til barnaréttanefndar Sameinuðu þjóðanna, samsetningu á vinnuhópnum og tilgangi fundarins.



Þegar kynningin var yfirstaðin var farið í hópeflisleiki og svo var fulltrúum skipt í umræðuhópa. Ákveðið var að skipta fulltrúum upp í fjóra hópa og var einn þeirra skipaður yngstu fulltrúunum. Sá hópur sat einungis fyrri hluta fundarins en ræddi þó allan spurningalistann sem lá fyrir. Ástæða þess var sú að fundurinn var haldinn í kjölfar skóladags og erfitt getur verið fyrir yngri börn að sitja langa fundi.

Eftir ísbrjóta og hópeflisleiki var umræðuborðum stillt upp á þremur mismunandi stöðum í salnum og á borðunum lágu frammi spurningar frá verkefnahópnum ásamt Barnasáttmálum og Barnasáttmálanum í kassanum. Allar greinar sáttmálans lágu á borðunum og búið var að skipta borðunum eftir viðfangsefnum fundarins sem voru: *Vernd, Umönnun og Þátttaka*.

Starfsmenn úr vinnuhópnum sátu sem ritarar og tóku niður upplýsingar úr umræðunni ásamt því að aðstoða sérstaklega yngsta hópinn.

¹ Hægt er að skoða spurningalistann í viðauka III.

² Hægt er að sjá hvaða aðilar sendu fulltrúa á fundinn í viðauka IV

³ Hægt er að skoða fundarboð og fundardagskrá í viðaukum I og II.

Sendur var tölvupóstur í kjölfar fundarins til allra sem tóku þátt og þeir upplýstir um það hvernig unnið verður með þær upplýsingar sem söfnuðust saman á fundinum.⁴



Spurningar til barna um Barnasáttmálann

Almennt um Barnasáttmálann - hvernig er staða hans á Íslandi?

1. Þekkja börn og fullorðnir Barnasáttmálann að þínu mati? Er hann nógu vel kynntur?

Í umræðuhópunum kom fram munur á eldri og yngri fulltrúum fundarins varðandi þekkingu á Barnasáttmálanum.

Yngri fulltrúarnir komu frá grunnskólum sem unnið hafa markvisst að innleiðingu Barnasáttmálans og eru svokallaðir Réttindaskólar UNICEF. Þeir fulltrúar höfðu fengið góða kynningu og fræðslu um sáttmálann og hvað hann felur í sér. Þau sem eldri voru töluðu um að þau væru rétt að byrja að fá fræðslu um sáttmálann „korter í 18 ára“ og töldu að mikil skortur væri á kynningu og fræðslu til barna og ungmenna um réttindi þeirra og inntak Barnasáttmálans.

„Allir hafa heyrt um hann en vita ekki endilega hvað stendur í honum.“

„Fólk veit almennt af tilvist hans en þekkja innihaldið ekki nægilega vel. Ég tel að gera mætti talsvert betur þegar kemur að kynningu hans.“

Mikilvægt er að slík fræðsla sé fjölbreytt, skemmtileg, gagnvirk, hagnýt og að hún eigi sér stað í skólanum og í öllum námsgreinum. Ekki er nóg að fræða börn og ungmenni um réttindi sín heldur

⁴ Hægt er að skoða tölvupóstinn í viðauka V.

þurfa fullorðnir í kringum þau að þekkja réttindi barna og taka fullt tillit til þeirra.

Alls svöruðu 74 börn og ungmenni þessari spurningu í rafrænum spurningalista og þar kemur bersýnilega í ljós að flest þeirra þekkja Barnasáttmálann illa. Þá segja langflest þeirra að það þurfi að kynna hann mun betur. Einungis töldu fimm einstaklingar að sáttmálinn væri nægjanlega vel kynntur í skólanum þeirra. Sömuleiðis kom ítrekað fram að þó svo að sáttmálinn sé kynntur börnum þá virðist fullorðna fólkið ekki endilega búa yfir þekkingu um réttindi barna.

„Nei, alls ekki. Minn vinahópur (á aldrinum 16-18) gæti ekki sagt mér hvaða hlutverki Barnasáttmálinn gegnir.“

„Samkvæmt námskrá á Barnasáttmálinn að vera kenndur á grunnskólastigi í skólum en ekki nærri því allir skólar kenna hann og jafnvel ef þau kenna hann vel vita þau einungis hvað hann er og hvað hann gengur utá en kannski ekki endilega dýpra en það.“

2. Hvað er gott við að vera barn (0-18 ára) á Íslandi? Hvað er ekki nógu gott?

Hvort heldur sem það var í umræðum á fundinum sjálfum eða í svörum við rafrænum spurningalista þá kom fram að börn og ungmenni búi almennt við mikið öryggi, frelsi og þurfi ekki að þjást vegna stríðsástands. Rætt var að búseta á Íslandi feli í sér ákveðna hættu vegna náttúruhamfara eins og eldgosa og veðurofsa. En í samanburði við önnur lönd þá sé án efa best að búa á Íslandi. Hér fá öll börn að fara í skóla, hafa aðgengi að heilbrigðisþjónustu og hér eru til staðar stuðningskerfi eins og barnavernd og vinnulöggjöf fyrir börn.

„Ég á öll réttindi sem ég þarf að eiga.“

„Það skiptir máli að börn hafi réttindi. Það gerir líf manns. Ég á rétt á að fullorðnir passi mig og ég fái heilbrigðisþjónustu.“

Sömuleiðis var oft tekið fram hvað börn á Íslandi búa almennt við góðan aðbúnað í skólum og í frístundastarfi og bjóðast mörg tækifæri til íþróttaiðkunar. Þrátt fyrir það eru þau meðvituð um að öll börn hafi ekki sömu tækifæri og að fullorðna fólkið þurfi að passa upp á að allir fái jöfn tækifæri og þá sérstaklega börn sem búa við ýmsar skerðingar. Sömuleiðis koma þó nokkrir inn á að börn verði fyrir einelti innan skólans og er það eitthvað sem þau hafa áhyggjur af.

Hins vegar var talað um hvað foreldrar þurfa að vinna mikið og hafi því lítinn tíma til þess að verja með börnum sínum. Eins var rætt hvað aðgengi að fíkniefnum sé almennt auðvelt. Margt kom fram í svörum barnanna og ungmennanna að þau upplifi að ekki sé borin virðing fyrir skoðunum þeirra og hugmyndum.

„Það er margt gott við að vera barn á Íslandi en það eru margir hlutir sem mætti bæta, kennsla í skólum, reglur, skyldur og virðing fyrir börnum og ungmennum.“

Einnig kemur fram að aldurskilgreiningin á „barni“ er mismunandi og ber þar helst að nefna verð í almenningssamgöngur, sundlaugar og aldursviðmið við greiðslu skatta. Margir bentu á að það þurfi að efla öll börn í því að koma skoðunum sínum á framfæri og sýna frumkvæði og gefa þarf börnum frekara svigrúm til þess að gera hluti sjálf. Það sé eins og að þeirra hugmyndir eða skoðanir hafi ekkert vægi fyrr en komið er á framhaldsskólaaldur. Þau upplifa að ekki sé tekið mark á því sem þau hafa fram að færa.

„Frí og örugg skólaláss. Ekki nógur stuðningur við fötluð og andlega veik börn.“

„Við þurfum ekki að óttast hernað og sprengingar og stríð því það er ekki hér.“



Rétturinn til verndar

3. Fötlud börn, börn af erlendum uppruna, hinsegin börn og önnur börn sem tilheyra minnihlutahópum - hver er staðan á Íslandi? Hvað er gott, hvað er ekki nógu gott?

Almennt telja börnin og ungmennin að vel sé tekið á móti börnum á flótta en þau kalla eftir auknum stuðningi við þau hvað varðar íslenskukennslu og segja að það sé lykilinn að því að aðlagast samfélaginu betur og fyrr þ.e. að allir fái kennslu við hæfi. Sömuleiðis að það sé mikilvægt að koma þeim í tómsunda- og/eða íþróttastarf og virkja þau félagslega.

Þau telja almennt að aðgengi fyrir börn sem þurfa t.d. að nota hjólastóla sé nokkuð gott en þó ættu stjórnvöld að geta stutt betur við öll börn. Þau taka fram að öll börn fái að ganga í skóla en það eigi að auka fræðslu í skólum um ýmsar fatlanir því þannig sé hægt að vinna gegn fordómum í garð fatlaðra barna.




„Ekki nógu góð staða „annarra barna“.“


Sumir tóku sérstaklega fram stöðu „hinsegin“ barna og transbarna og þá fordóma sem þau upplifa í skólum. Þá sé fræðsla mikilvæg til þess að vinna gegn einelti og fordómum.

Þau sem svara eru almennt mjög meðvituð um að þau tilheyri ekki einhverjum sérstökum minnihlutahópum en eru með ríkar áhyggjur af því að það séu ekki allir jafnir og fái ekki að blómstra í skólaumhverfinu.


„Það þarf að gera miklu miklu betur í þessum efnum t.d. fyrir fötlud börn þarf að vera gott aðgengi í skólum félagsmiðstöðum þeirra. Einnig er mikilvægt að þó að börn séu fötlud sé þeim ekki mismunað t.d. í félagsmálum. Með börn af erlendum uppruna er mikilvægt að koma þeim inn í hóp og koma þeim inn í félagsmál, íþróttir, tómsundir eða annað þvíumlíkt. Einnig þarf að fyrirhuga áður en að börnin komi hingað til lands að jafnaldrar, kennarar og aðrir sem munu koma nálægt þeim séu tilbúin og þeim sé tekið með opnum örmum inn í okkar samfélag.“



„Mér finnst að sumir fá ekki rétt á því að fá það sem þau þurfa.“



„Skólakerfið á erfitt með að hugsa um hinsegin börn.“



„Vantar stuðningsnet fyrir börn sem koma sem flóttamenn.“

4. Barnavernd, vernd gegn ofbeldi og illri meðferð - hvað er gott, hvað er ekki nógu gott að þínu mati?

„Ekki nógu gott hvernig dómskerfið fer með fyrrum afbrotamenn, geta tekið þátt í öllum þáttum lífsins. Geta svo boðið sig fram eða komist í valdastöðu, geta fenið uppreist æru ef þeir þekkja réttar manneskjur.“

Flest telja þau að börn búi almennt við mikið öryggi í íslensku samfélagi en það sem þau heyra af barnaverndarmálum í fjölmiðlum sé allt mjög neikvætt og þar af leiðandi eru mögulega mörg börn hrædd við að leita eftir aðstoð frá barnaverndaryfirvöldum.

Eins kemur fram að sú þöggun um ofbeldismál gegn börnum sem hefur átt sér stað sé slæm og að erfitt geti verið að búa í litlu samfélagi og leita sér hjálpar.

Það kom fram bæði frá þeim sem sátu fundinn sem og þeim sem svöruðu þessari spurningu á rafrænan hátt, að það vanti frekari fræðslu um barnavernd og starf barnaverndarnefnda. Börnin og ungmennin telja þó gott og mikilvægt að til sé slíkt úrræði í samfélaginu sem þau búa í. Það eru þó skiptar skoðanir á því hvort að barnavernd stígi inn í mál of

seint eða á of vægan hátt eða jafnvel beiti sér af of mikilli hörku. Skýrt kemur fram að börn og ungmenni þurfi að fá aukna fræðslu um störf barnaverndar og hvar er hægt að leita sér hjálpar ef þörf er á. Þau sem svara segjast mörg hver ekki vita mikið um barnavernd en vilji vita meira. Sömuleiðis telja þau nauðsynlegt að hægt sé að fá aðstoð innan skólans þegar kemur að barnaverndarmálum.

Bent var á að börn verði fyrir ofbeldi á fleiri stöðum en á heimilum eða í skólum því ofbeldi á sér sömuleiðis stað í gegnum internetið og sérstaklega samfélagsmiðla.

„Það þarf að hjálpa foreldrunum að vera betri foreldrar.“

„Barnahús er að gera góða hluti. Það vantar upplýsingar um það hvert hægt er að leita ef barn verður fyrir ofbeldi. Hvert eiga þau að leita. Smæðin úti á landi hefur áhrif og það getur leitt til þess að börn leita ekki til þeirra sem geta brugðist við því.“

„Þetta fer eftir skólunum. Í sumum skólum eru kennarar alveg inn í þessu og gera allt sem þeir geta en því miður eru ekki allir skólar þannig.“

„Mikið um ofbeldi á netinu.“

Rétturinn til umönnunar

5. Heilbrigðisþjónusta - hvað er gott, hvað er ekki nógu gott að þínu mati?

Hérna kemur fram skýrt ákall frá börnum og ungmennum um bættu geðheilbrigðisþjónustu, aukið aðgengi að henni og hvað það tekur langan tíma að fá þjónustu vegna biðlista og hversu dýr slík þjónusta er. Þau ræða mikið um hvað börn og ungmenni sem búa úti á landsbyggðinni eigi mun erfiðara að sækja slíka þjónustu. Greiningarferlin eru löng, meðferðarúrræði vara í skamman tíma, ekki er unnið nógu mikið með forvarnir og þær ekki nógu fjölbreyttar. Barna- og unglingsageðdeild að springa og alltof mörg börn eru að kljást við félagslega einangrun, vanlíðan og fjölbættan vanda.

Komið er inn á að stytting framhaldsskólanáms sé farin að hafa áhrif á líðan ungmenna, að álagið sé of mikið og að aukin hætta sé á brottfalli úr skóla.

„Heilbrigðisþjónustan er að skrælna úr vanrækslu. Við Íslendingar verðum að taka okkur til og bæta þá þjónustu um allt land. Fólk verður að geta nýtt sér hana þegar það þarf á henni að halda. Starfsfólkið er gott, en við þurfum líka að gæta þess að til að þau blómstri í starfi og sýni rétt viðbrögð að þau séu ekki undirmönnuð og alveg buguð í starfi.“

„Gott að það sé hjúkrunarfræðingur í grunnskólum. En það er hálfgerður brandari því að þær eru aldrei við í grunnskólanum. Þær eru bara í hlutastarfi.“

Það kemur mjög skýrt fram að börnin og ungmennin vilji fá aukna og fjölbreyttari þjónustu innan skólakerfisins þannig að allir hafi jafnan aðgang að henni. Það er talað um að skólahjúkrunarfræðingar starfi við alla grunnskóla en að þeir séu í svo litlu starfshlutfalli að þeir eru nánast aldrei á staðnum þegar þau þurfa á þjónustunni að halda. Margir benda á nauðsyn þess að sálfræðingar séu starfandi við alla skóla og að sú þjónusta eigi að vera gjaldfrjálts fyrir börn og ungmenni.

Börn á Íslandi búi þó við góða almenna tannlæknaþjónustu en ekki þegar kemur að tannréttingum. Íslensk börn búa almennt við góðar aðstæður í heilbrigðiskerfinu þegar kemur að líkamlegum vanda miðað við mörg önnur lönd.

„Ókeypis sálfræðiþjónusta fyrir alla krakka á aldrinum 0-18!!“

„Mjög spes að það sé ekki ókeypis sálfræðiþjónusta! Það ætti að vera alveg sama þjónusta hvort sem það er sár eða andleg vanlíðan.“


„Álag hefur aukist á nemendur í framhaldsskólum með styttingu námstímans, nemendur hætta í áhugamála sínum til að geta sinnt skólanum betur og sinna vinum sínum, falla brott úr námi.“

6. Fjölskyldan - hvað er gott, hvað er ekki nógu gott að þínu mati?


Eftir á að hyggja hefði verið gott að útskýra þessa spurningu örlítið betur þar sem stór hluti þeirra sem svöruðu rafræna spurningalistanum áttuðu sig ekki á inntaki spurningarinnar, samhenginu eða héldu að hún ætti við þeirra eigin fjölskyldur. Hins vegar kom fram að foreldrar vinni of mikið og hafi þar af leiðandi ekki nægan tíma til þess að verja með börnunum sínum. Eins er bent á að fátæk börn búi líka á Íslandi og það þarf að gæta þess að öll börn fái sömu tækifæri til tómstunda og þátttöku í samfélaginu.

Sömuleiðis kom fram að fjölbreytni fjölskyldna á Íslandi er sífellt að aukast og er það gott. Það er til að mynda ekkert álitamál að eiga foreldra sem hafa skilið en hins vegar mætti taka meira tillit til barna þegar verið er að taka ákvarðanir um forsjá, umgengni eða búsetu.


Þó upplifa mörg börn fordóma í sinn garð vegna gjörða annarra fjölskyldumeðlima sinna og þar er sérstaklega dregið fram börn fanga eða fíkla. Það þurfi að vernda þau betur og byggja þau upp til þess að takast á við þá fordóma sem þau verða fyrir.




Fátæk börn eru fleiri en við höldum, mikil mismunun gagnvart tómstundum og þátttöku í slíku starfi.“



„Íslenskar fjölskyldur eru alls ekki nánar, þyrftu að eyða meiri tíma saman en þar sem íslenskur vinnutími er mjög langur gerir það erfitt fyrir.“



„Börnin eiga að geta gert kröfu um sameiginlegt forræði.“



„En hvað ef eldri systkini gera eitthvað? Er kannski fíkill og þá ert þú allt í einu kominn í einhverja fíklafjölskyldu!? Þú ert þín eigin manneskja og átt ekki að þola það sem aðrir gera.“

7. Menntun og tómstundir - hvað er gott, hvað er ekki nógu gott að þínu mati?

„Val er mikilvægt. (Af hverju?) Vegna þess að skólinn er ekki í takt við framtíðina! Við vitum kannski hvað við viljum gera, í hvaða átt við viljum fara. Hvað við viljum verða í framtíðinni. En það er ekki kennt í skólanum. Við viljum geta valið að læra um það sem við viljum.“

Hér koma fram þær breytingar sem hafa átt sér stað á skólakerfinu undanfarin ár eins og stytting framhaldsskólanáms, breytingar á einkunnakerfinu í grunnskólum og greinilegt er að börnin og ungmennin hafa miklar skoðanir á þessum breytingum. Sérstaklega þar sem lítið samráð var haft við þau ungmenni sem þessar breytingar hafa mest áhrif á. Stjórnvöld virtu Barnasáttmálann að vettugi þegar verið var að taka allar þessar ákvarðanir og svörin eru lituð af vonbrigðum með það.

Komið er inn á mikilvægi þess að hafa kennsluhætti fjölbreytta og sömuleiðis er komið inn á mikilvægi þess að hafa fjölbreytt val.

Talað er um að listnám utan grunn- og framhaldsskóla sé fjölbreytt en þó kostnaðarsamt og því sé það síður í boði fyrir börn sem búi við fátækt.

Talað er um að drengir fái ekki næga örvun í skólaumhverfinu og að það þurfi að skoða hvað sé hægt að gera til þess að þeim vegni betur í námi til þess að forðast brotthvarf.

Vangaveltur um skort á kennurum innan skólakerfisins eru settar fram og sömuleiðis bent á að lyfta þurfi upp öllu tækni- og verknámi.

„Drengir fá ekki nægilega hvatningu í skóla, brottfall.“

„Menntunin er oftast fín, þyrfti að auka áherslu á til dæmis umhverfismál og geðheilbrigði.“

„Það hefði þurft að taka breytinguna um þriggja ára kerfið í framhaldsskóla í gegnum alla skólagönguna, frá leikskóla upp í háskóla, s.s. ekki bara að þetta náminu í framhaldskólunum, þessi breyting ætti líka að fara fram í grunnskólanum og leikskólanum, flétta skólastigin saman.“

„Börn sem búa við sára fátækt geta ekki stundað frístundir sem þau hafa áhuga á.“

Rétturinn til þátttöku

8. Réttur barna til að hafa áhrif á samfélagið, taka þátt í lýðræði, tjá sig, fá upplýsingar - hver er staðan? Hvað er gott og hvað er ekki nógu gott að þínu mati?

Fjölmargir segja að börn og ungmenni fái sífellt aukin tækifæri til þess að tjá

„Það góða er að börn fá oft tækifæri til að tjá sig en það sem er ekki nógu gott er það að það er oft ekki hlustað á þau og líka það að það er alveg algengt að þau fá ekki tæki færi til þess að tjá sig.“

skoðanir sínar og að ungmennaráð séu farin að hafa meira vægi innan sveitarfélaga. Þrátt fyrir það eru flestir á þeirri skoðun að þó svo að börn og ungmenni fái tækifæri til að tjá sig sé ekki endilega tekið tillit til skoðana þeirra. Þá fá ekki öll börn á landinu tækifæri að vera í ungmennaráðum og ekki eru öll sveitarfélög með ungmennaráð. Þar af

„Ungmennaráð er gott dæmi um það. En meirihluti barna á Íslandi getur ekki haft það mikil áhrif á samfélagið i sjálfu sér.“

leiðandi er kallað eftir frekari fræðslu um tiltækar leiðir fyrir

börn og ungmenni til að koma skoðunum sínum á framfæri. Sömuleiðis er aðgengi að upplýsingum ábótavant að þeirra mati og þá sérstaklega um stjórnsmál.

Þrátt fyrir að ungmennaráð séu til staðar þá er ekki alltaf leitað til þeirra og margar ákvarðanir eru teknar um málefni sem snúa beint að börnum og ungmennum án samráðs við þau. Sömuleiðis mætti vera meiri fræðsla í boði um hlutverk ungmennaráða.

Það er ljóst af öllum svörum að ekki er markvisst leitað eftir upplýsingum frá börnum og ungmennum um hagi þeirra, skoðanir eða aðrar hugmyndir. Þegar það er gert, er ekki tekið réttmætt tillit til þeirra framlags því er þátttakan gjarnan táknræn og upplifun þeirra á eigin þátttöku því hlaðin tilgangsleysi. Eins er komið inn á að aðgengi barna og ungmenna að upplýsingum er ekki gott og því velta þau fyrir sér hvernig þau eigi að geta tekið þátt ef þau fá ekki upplýsingar á máli sem þau skilja.

„Við þurfum að efla fræðslu um hvernig hægt er að hafa áhrif á samfélagið, efla áhuga fyrir kosningum. Fá ungt fólk til þess að nýta kosningarrétt sinn þegar það hefur aldur til þess að kjósa.“

„Það fer sko heldur vetur vaxandi. Hægt að sanna það með þessari könnun, t.d. það er verið að senda þessa könnun á ungt fólk til að heyra hvað það hefur að segja! Ungmennaráð hafa farið vaxandi, sem er geggjað og bara ungt fólk yfir höfuð þorir meira að láta í sér heyra!“

„Þegar börn leita eftir upplýsingum þá er til að mynda vefur Alþingis mjög torskilinn. Erfitt að sjá hvernig þingmál standa nema maður sé master í lögfræði. Vantar að setja fram upplýsingar á mannamáli, sérstaklega á vef Alþingis.“

9. Réttur barna til að hafa áhrif á eigið líf og taka ákvarðanir. Er hlustað á börn? Hvað er gott og hvað er ekki nógu gott að þínu mati?

„Börn eiga að vera eftirsótt þegar það er verið að taka ákvarðanir um börn.“

Það er mismunandi eftir fjölskyldum hvað börn og ungmenni fá að hafa mikil áhrif á eigið líf og ákvarðanatöku þar um. Flestir eru á því að börn og ungmenni ættu og mættu hafa meiri áhrif og að meira tillit þurfi að taka til skoðana þeirra. Sérstaklega á það við um börn af erlendum uppruna. Þau þurfa að mæta meiri skilningi á því að íslenska sé ekki þeirra fyrsta mál og þau þurfa því að fá að tjá sig á eigin tungumáli og fá að halda í sína menningu. Sumir eru á því að börn og ungmenni fái hins vegar nægilegt svigrúm til þess að hafa áhrif á eigið líf.

Skýrt kom fram að ekki sé nægilega hlustað á börn hvort sem er innan fjölskyldna, í skólum eða sveitarfélögum. Einhverjir segja að þátttakan sé oft táknað og að það sé ekki nógu gott. Það kemur fram að Ísland er að standa sig vel við að ná fram skoðunum barna en mætti samt sem áður gera enn betur. Sömuleiðis virðist það vera viðvarandi að börn fái frekar að tjá sig þegar þau eru komin á seinni hluta unglingsára og síður sé hlustað á skoðanir yngri barna.

Komið er inn á að mörg börn á Íslandi líða skort og búa við mikið óöryggi þegar kemur að húsnæði. Leigumarkaðurinn er dýr og börn þurfa oft að flytja vegna fjölskylduaðstæðna. Þau börn hafa síður tækifæri til þess að hafa áhrif á eigið líf enda háð fjölskyldum sínum. Margir foreldrar þurfa að vinna mörg störf til þess að geta skapað stöðugleika í lífi fjölskyldunnar. Þegar aðstæður eru með þeim hætti kemur augljóslega fram hvað börn og ungmenni eru valdalítill og hafa lítil áhrif á eigin aðstæður.

„Er ekki fædd á Íslandi og finnst stundum betra að tala ensku og er þá skömmuð. Fólk af erlendum uppruna verður að tala íslensku í stað þess að tala móðurmálið sitt.“

„Staða Íslands er góð miðað við önnur lönd en mætti samt vera betri.“

„Sorglegt hvað mörg börn líða skort og eiga ekki öruggt húsnæði. Sumir foreldrar þurfa að vera í þremur vinnum eða jafnvel flytja til að fá ódýrara húsnæði.“

Önnur skilaboð til stjórnvalda

10. Er eitthvað annað sem er mikilvægt að koma til skila til stjórnvalda?

„Hlusta á raddir unga fólksins því við höfum líka mikilvægar skoðanir.“

Það eru nokkrir þættir sem eru sérstaklega dregnir fram og einna helst mismunun þeirra sem þurfa á aðstoð að halda, þ.e. að börn sem búa við skerðingar fái mismunandi þjónustu eftir sveitarfélögum.

Börn af erlendum uppruna þurfa mun meiri stuðning til þess að aðlagast samfélaginu og við að læra tungumálið. Huga þarf sérstaklega að þeim

þar sem þau fá ekki alltaf að njóta sömu tækifæra og önnur börn.

Mjög sterklega kemur fram frá þeim börnum og ungmennum sem lögðu verkefninu lið að auka þurfi tækifæri barna til þátttöku og að taka þurfi réttmætt tillit til skoðana þeirra og hugmynda. Þau hafi mikið fram að færa og óski eftir því að á þau sé hlustað. Þannig verði þau frekar hluti af samfélaginu.

Fram kom með skýrum hætti að efla þurfi fræðslu um geðrænan vanda og auka aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu og þá sérstaklega sálfræðingum innan skólakerfisins. Íslensk stjórnvöld eiga að geta skapað samfélag þar sem allir fá jöfn tækifæri til þess að taka þátt og jafnan aðgang að allri þjónustu – óháð búsetu.

„Mér finnst bara mikilvægast að öll börn fái að njóta sín og enginn upplifi sig útundan.“

„Hlustum á börnin og gefum þeim raddir þegar kemur að ákvarðanatöku um þeirra málefni.“

Laga vegi, tryggja gott netsamband og símasamband hvar sem er á landinu, auka náttúruvitund í skólum, hlúa á verkgreinum í skólum og auka geðheilbrigðisfræðslu í grunnskóla og aðgengi að sálfræðingum.

Orðaský

Til þess að ná fram röddum þátttakenda á samráðsfundinum á myndrænan hátt var notast við svokölluð orðaský og má sjá skjáskot af þeim hér fyrir neðan. Markmiðið er að spegla vangaveltur barnanna á gagnvirkan hátt þar sem þau slá inn svörin og þau birtast samtímis á skjánum.

Fyrsta orðaskýið endurspeglar í raun samfélagið og þau gildi sem þátttakendurnir telja vera mikilvæg til að lifa góðu lífi. Sömuleiðis er verið að benda á að þau sem börn eru framtíðin, eru berskjölduð og þurfa aukna vernd umfram fullorðna. Þau eru næsta kynslóð og okkur sem samfélag ber að virða þau lög sem sett hafa verið og standa vörð um réttindi barna til þess að búa við vernd, þátttöku, vellíðan og frelsi. Þannig samfélagssýn þarf að þeirra mati að vera til staðar svo að þau geti tekið ríkan þátt sem samfélagsþegnar og fái að njóta þeirra réttinda sem Barnasáttmálinn felur í sér.



Á næstu myndum má sjá hvernig þeir fulltrúar sem sóttu fundinn vilja helst taka þátt í samfélaginu sem þeir búa í. Hér er stungið uppá mörgum aðferðum og augljóst að börnin og ungmennin sjá bæði tilgang með eigin þátttöku og telja hana vera mikilvæga. Samfélagið eigi að gera meira af því að eiga samráð við börn og ungmenni því þau búi oft yfir góðum upplýsingum, hugmyndum og í þeim felist verðmæti fyrir samfélagið í heild.

Leiðir til þátttöku

Þegar þátttakendur voru beðnir um að segja frá því hvernig þeir vildu helst taka þátt í samfélaginu þá var ekki fátt um svör heldur kom fram skýrt ákall til ráðamanna um aukið samráð. Óskað er eftir vettvangi til þess að eiga í samskiptum um málefni sem snúa að börnum og ungmennum, að hægt sé að nálgast ráðamenn án þess að fara í gegnum marga milliliði og að ungmennaráð þurfi að vera til staðar. Einna helst er þó ákall um aukna fræðslu og upplýsingagjöf til barna og ungmenna um leiðir til að koma skoðunum sínum á framfæri og um leiðir til lýðræðislegrar þátttöku.

Hvernig vilt þú fá að taka þátt í samfélaginu?

Mentimeter

Ungmennaráð 🐱	Fá meira af upplýsingum um stjórnsmál, komast meira inn í ráð og fleiri skipuð störf og fleira slíkt	Opna glugga fyrir okkur til þess að hafa áhrif sjálf ekki alltaf í gengn um fullorðna
Mér langar að vera til staðar við fólk sem þurfa hjálp	Mig langar að breyta jafnrétti kvenna, barna og verða stjórnsmálamaður. Mest langar mig síðan að vinna með mannréttindum og hjá Sp	Fá vettvang til að tala til alþingis, hafa umræðu um pólitik og að ungmenni fái að tala beint við ráðherra en ekki milliliða
Ég vil taka þátt í öðrum hópum eins og þessum þar sem ég get sagt skoðanir mínar við einhvern sem hlustar og vill breyta því sem er rangt	Að skoðunum barna verði ávallt óskað eftir þegar ákvarðanir eru teknar um þeirra málefni eða annað sem gæti haft áhrif á þeirra líf.	Fá að segja skoðun mína á öllum málefnum sem varða börn, allt skiptir máli!

22

Hvernig vilt þú fá að taka þátt í samfélaginu?

Mentimeter

Ekkert um okkur, án okkar!	Knowledge	Ég vil taka þátt í lýðræði og geta skilið stjórnsmál til að geta kosið rétt.
Fræða önnur börn og ungmenni um réttindi sín svo þau verði einnig virkari í samfélaginu	Kannski búa til verkefni og hengja þau upp á töflu í skólanum	Meira af spurningum til ráða eins og nemendaráðum skóla um spurningar sem við kima málefnum þeirra
Fá sem mestar upplýsingar svo ég geti búið til mínar eigin skoðanir sem ég get síðan sagt öðrum til að laga það sem er að	Geta komið með uppástungur til ríkisstjórnar um hvernig megi bæta samfélagið.	Ég vil fá að koma skoðunum mínum á framfæri sem barn og reyna að opna meira samræðuna um ójafnréttið sem minnihlutahópar verða fyrir

22

Hvernig vilt þú fá að taka þátt í samfélaginu?

Mentimeter

Ég vil heimta að það verði talað við krakka til að fá þeirra skoðun

Ná betur að Alþingi og passa að þau sem sitja þar taki betur eftir því sem við segjum

Auka hvatningu drengja í grunnskólum til að klára framhalds- og háskólanám. Jafna hlutfall kynja í háskólum og eyða kynbundnum störfum

Með því að taka þátt í ungliðahreyfingu stjórnmálaflokka

22



Lokaorð

Það má með sanni segja að þau börn og ungmenni sem tóku þátt í fundinum og þau sem svöruðu rafræna spurningalista hafa ákaflega mikið til málanna að leggja. Það er margt sem verið er að gera vel þegar kemur að réttindum barna á Íslandi en það er sömuleiðis margt sem hægt er að bæta og gera enn betur.

Barnasáttmálinn var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1989 og var fullgiltur hér á landi árið 1992. Með því að fullgilda sáttmálann viðurkenna íslensk stjórnvöld ásamt öllum þeim stjórnvöldum sem skrifað hafa undir sáttmálann, að börn séu viðkvæmur og afar fjölbreyttur þjóðfélagshópur sem þarf að veita sérstaka umönnun, vernd og stuðning umfram fullorðna.

Íslensk stjórnvöld hafa þó gengið skrefinu lengra en margar aðrar þjóðir innan Sameinuðu þjóðanna og lögfestu Barnasáttmálann 13. mars 2013 með lögum nr. 19/2013. Eftir að sáttmálinn var lögfestur hér á landi hefur vitneskja barna um réttindi þeirra aukist en þörf er á aukinni fræðslu um réttindi barna, bæði fyrir börn sem og fullorðna.

Því er ákaflega mikilvægt að skapa vettvang fyrir börn á öllum aldri til þess að verða gerendur í eigin lífi. Það þarf að gera með því að skapa tækifæri í skólakerfinu, heilbrigðiskerfinu og víðs vegar í samfélaginu. Sömuleiðis er mikilvægt að breyta viðhorfum fullorðinna í samfélaginu, í garð barna. Sem samfélag verðum við að viðurkenna að í viðhorfum, röddum og reynslu barna liggja ákaflega mikil verðmæti. Með því að leita markvisst og reglulega eftir þeirra röddum getum við eftir þau í að verða virkir samfélagslegir þátttakendur með ríka borgaravitund mun fyrir en við gerum í dag.

Börn og ungmenni eru nefnilega ekki „bara“ ungt fólk sem eru framtíðarþegnar samfélagsins okkar. Heldur eru þau nútíðin sömuleiðis. Þau eru ekki í biðstöðu eftir að verða fullorðin því þau eru fullgildir einstaklingar með sjálfstæð og lögbundin réttindi. Því þarf að vinna markvisst að því að fræða fullorðna um Barnasáttmálann og innihald hans og sömuleiðis þarf að kenna börnum og ungmennum að setja sáttmálann í samhengi við daglegt líf þeirra. Til þess að geta nýtt réttindi sín þurfa börn og ungmenni að þekkja þau.

Þannig valdeflum við börn og ungmenni til þess að taka aukinn þátt í samfélaginu, til að hafa réttmæt áhrif á umhverfi sitt og fá jafnt aðgengi að tækifærum.

Viðauki I - Fundarboð

Samráðsfundur með börnum um skýrslu Íslands um framkvæmd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Nýlega var skipaður vinnuhópur með fulltrúum dómsmálaráðuneytisins, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, velferðarráðuneytisins, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins, sem hefur það hlutverk að skrifa skýrslu íslenska ríkisins um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálann). Síðasta skýrsla Íslands var skrifuð árið 2008, en hún var tekin fyrir af nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins árið 2011.

Vinnuhópurinn vill eiga víðtækt samráð við gerð skýrslunnar, bæði við börn og þá sem vinna að réttinda- og hagsmunamálum barna. Hefur því verið ákveðið að halda **samráðsfund með börnum þriðjudaginn 29. maí kl. 14:30 -18:00 í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, fundarherbergi á 4. hæð, Sölvhólgötu 4.**

Óskar vinnuhópurinn því eftir tveimur fulltrúum barna frá (ýmsum grunnskólum, ungmennaráðum og félagasamtökum) á aldrinum **13-18 ára**. Miðað er við fæðingardag fulltrúa þ.e. börn fædd fyrir 29. maí 2000. Ef möguleiki er á því er þess óskað að fulltrúar séu ekki af sama kyni.

Fjöldi fulltrúa er takmarkaður. Ef þið sjáið ykkur ekki fært að tilnefna tvo fulltrúa er því nauðsynlegt að þið **látið vita sem fyrst**, svo hægt sé að leita annað. Vinsamlega sendið upplýsingar (fullt nafn og aldur) um tilnefnda fulltrúa á netfangið elisabet.gisladottir@dmr.is.

Fundurinn verður í formi lýðræðiskaffis og þátttakendum skipt í hópa eftir aldri til að ræða inntak Barnasáttmálans og framkvæmd hans hér á landi. Tilgangurinn er að ná fram röddum barna og ungmenna um réttindi þeirra í íslensku samfélagi. Vinnuhópurinn dregur niðurstöður fundarins saman og nýtir við frekari undirbúning á skýrslu stjórnvalda til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna. Boðið verður upp á veitingar.

Kær kveðja,
f.h. vinnuhópsins,
Elísabet

Viðauki II - Dagskrá og fyrirkomulag fundarins

Fundardagskrá:

Kl. 14.30 – 14.45 Móttaka - **Verkefnahópur**

Kl. 14.45 – 15.00 Stutt kynning um tilgang fundarins - **Verkefnahópur**

Kl. 15.00– 15.10 Ísbrjótur og nafnaleikur - **Nilla**

Kl. 15.10– 15.20 Kynning á Barnasáttmálanum og þeim viðfangsefnum sem taka á fyrir í umræðunni – Vernd – Umönnun – Þátttaka **Verkefnahópur**

Kl. 15.20 – 15.40 HópaVinna 1 VERND – **Ritari frá verkefnahópnum í hvern hóp**

Kl. 15.40 – 16.10 HópaVinna 2 UMÖNNUN **Ritari frá verkefnahópnum í hvern hóp**

Kl. 15.20 – 16.10 Yngri hópur í umræðu um alla flokka – Ritari frá verkefnahópnum með þeim allan tímann

Kl. 16.10 – 16.40 Matarhlé – kveðja yngri hópinn í lok hlés – Verkefnahópur

Kl. 16.40 – 17.00 HópaVinna 3 ÞÁTTTAKA **Ritari frá verkefnahópnum í hvern hóp**

Kl. 17.00 – 17.30 Kynningar frá hópnum um niðurstöður, samtal, möguleg forgangsröðun á niðurstöðum með pósti í miðum - **Allir**

Kl. 17.30 – 18.00 Samantekt og umræður um framhaldið - **Verkefnahópur**

Viðauki III – Spurningalisti til barna og ungmenna

Spurningar til ungmenna vegna Barnasáttmálans

Barnasáttmálinn - hvernig er staða hans á Íslandi?

1. Þekkja börn og fullorðnir Barnasáttmálann að þínu mati? Er hann nógu vel kynntur?
2. Hvað er gott við að vera barn (0-18 ára) á Íslandi? Hvað er ekki nógu gott?

Vernd

3. Fötluð börn, börn af erlendum uppruna, hinsegin börn og önnur börn sem tilheyra minnihlutahópum - hver er staðan á Íslandi að þínu mati? Hvað er gott, hvað er ekki nógu gott?
4. Barnavernd, vernd gegn ofbeldi og illri meðferð - hvað er gott, hvað er ekki nógu gott að þínu mati?

Umönnun

5. Heilbrigðisþjónusta - hvað er gott, hvað er ekki nógu gott að þínu mati?
6. Fjölskyldan - hvað er gott, hvað er ekki nógu gott að þínu mati?
7. Menntun og tómstundir - hvað er gott, hvað er ekki nógu gott að þínu mati?

Þátttaka

8. Réttur barna til að hafa áhrif á samfélagið, taka þátt í lýðræði, tjá sig, fá upplýsingar - hver er staðan? Hvað er gott og hvað er ekki nógu gott að þínu mati?
9. Réttur barna til að hafa áhrif á eigið líf og taka ákvarðanir. Er hlustað á börn? Hvað er gott og hvað er ekki nógu gott að þínu mati?
10. Er eitthvað annað sem er mikilvægt að koma til skila til stjórnvalda?

Viðauki IV – Listi yfir þá sem aðila sem sendu fulltrúa á fundinn

Eftirfarandi aðilar sendu fulltrúa til þátttöku á fundinum:

Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi
UNICEF á Íslandi
Ungmennafélag Íslands – UMFÍ
Flataskóli
Samtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi – SAMFÉS

Laugarnesskóli
Öryrkjabandalag Íslands – ÖBÍ
Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna
Ungmennaráð Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna
Samtökin '78
Ungmennaráð Íslands

Viðauki V - Eftirfylgni í kjölfar fundar

1. Hvaða vinnuhópur er þetta?

Þessi vinnuhópur var skipaður til að skrifa skýrslu um Barnasáttmálann á Íslandi. Hópurinn á líka að fylgja skýrslunni eftir hjá Barnaréttarnefndinni og þeim athugasemdum sem við fáum frá henni.

Endilega hafið samband ef þið eruð með spurningar eða frekari athugasemdir.

• Í vinnuhópnum eru:

- Elísabet Gísladóttir, fulltrúi dómsmálaráðuneytisins – elisabet.gisladottir@dmr.is

- Guðni Olgeirsson, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins – gudni.olgeirsson@mrn.is

- Ingibjörg Sveinsdóttir, fulltrúi velferðarráðuneytisins (heilbrigðisráðherra) – ingibjorg.sveinsdottir@vel.is.

- Ívar Már Ottason, fulltrúi velferðarráðuneytisins (félagsmálaráðherra) – ivar.ottason@vel.is

- Gústav Aron Gústavsson, fulltrúi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins – gustav.a.gustavsson@srn.is.

- Davíð Logi Sigurðsson, fulltrúi utanríkisráðuneytisins (komst ekki á fundinn) – david.sigurdsson@utn.is.

2. Samráð við börn

Nílsína Larsen Einarsdóttir (Nilla), tómstunda- og félagsmálafræðingur, vann með vinnuhópnum við að skipuleggja samráðsfundinn 29. maí – nilsinalarsen@gmail.com

• Auk samráðsfundarins hefur verið sendur út spurningalisti til ungmennaráða sveitarfélaga.

• Önnur ungmennaráð mega endilega fylla út spurningalistann sem má nálgast hér:

<https://www.surveymonkey.com/r/D7NFPN8> (svör þurfa að berast fyrir lok dags 6. júní 2018).

3. Hvað verður gert við skilaboðin frá börnum?

Vinnuhópurinn mun taka tillit til þess sem fram kom á fundinum þegar hann skrifar skýrsluna.

• Auk þess mun sérstök samantekt með skilaboðum frá börnum fylgja með skýrslunni til Barnaréttarnefndarinnar.

4. Ferlið:

Ísland fullgilti Barnasáttmálann 1992 – það þýðir að við erum búin að gera samning um að sjá til þess að börn njóti þeirra réttinda sem eru í sáttmálanum (vernd, umönnun og þátttaka).

• Ísland á að skila skýrslu til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna á 10 ára fresti og segja frá því hver staðan er á Íslandi – erum við í alvöru að tryggja réttindi barna. Við skiluðum síðast skýrslu árið 2008 og eigum því að skila aftur núna.

- Vinnuhópurinn mun vinna drög að skýrslu – þar sem tekið verður tillit til sjónarmiða barna.
- Þátttakendur á samráðsfundinum verða látnir vita þegar drögin eru tilbúin og hafa verið birt – þá verður hægt að senda inn athugasemdir.
- Síðan verður skýrslan send Barnaréttarnefndinni.
- Þeir sem eru að vinna að hagsmunum barna t.d. umboðsmaður barna og félagasamtök senda svo skýrslur um það hvernig þeim finnst staðan vera (skuggaskýrslur).
- Nefndin fer yfir skýrslurnar og sendir okkur spurningar.
- Síðan er haldinn fundur hjá nefndinni þar sem réttindi barna á Íslandi verða rædd.
- Þegar því er lokið fáum við athugasemdir frá nefndinni sem við getum vonandi notað til þess að auka réttindi barna á Íslandi!
- Athugasemdirnar verða kynntar vel þegar þær hafa borist, en það verður kannski ekki fyrr en eftir 2 ár.

